

Jökulhlaup í Jökulsá í Fljótssdal

Oddur Sigurðsson

Greinargerð OSig-96-02

JÖKULHLAUP Í JÖKULSÁ Í FLJÓTSDAL

Víða við jökla geta skapast þær aðstæður að vatn safnast fyrir við jökuljaðar eða undir jökli. Við þannig aðstæður er hættu á að slíkur vatnsforði nái að hlaupa fram og þeir vatnavextir hafa fengið nafnið *jökulhlaup* á alþjóðlegum vettvangi eftir íslenska heitinu, enda er sennilega hvergi á byggðu bóli jafn mikið um jökulhlaup og hér á landi.

Vestan við Eyjabakkajökul er lítil dalur sem jökullinn stíflar. Gengur hann vestur að Háöldu og í honum myndast gjarnan lón sem kennt er við ölduna. Úr Háöldulóni kemur iðulega hlaup fyrrihluta sumars. Yfirleitt eru þessi hlaup ekki stórkostleg þótt í annan tíma sé ekki meira í ánni. Ekki nær jökullinn að stífla lónið í öllum árum.

Sigurjón Rist tók hlaup úr Háöldulóni með í annála sína um jökulhlaup sem birst hafa í *Jökli* (1976, 1981 og 1984). Þar eru talin með hlaup árin 1975-1983. Í Jökulhlaupaánnál 1984-1988 eftir Odd Sigurðsson o.fl. í *Jökli* (1992) er getið um hlaup 1984-1988 (sjá töflu).

Við nánari athugun á eldri vatnshæðarlínuritum (frá september 1962) hafa ekki fundist jökulhlaup í Jökulsá í Fljótssdal eldri en 1972. Það fyrsta kom um jólin það ár. Tengist það eflaust því að jökullinn hljóp fram síðla sumars 1972 og var gangur í honum langt fram á árið 1973.

Á vatnshæðarlínuritum síðustu ára hafa ekki fundist mörg hlaup í Jökulsá í Fljótssdal (sjá töflu hér á eftir). Má búast við að hlaupunum fækki og að þau minnki með árunum, jafnvel hættu þau alveg þar til jökullinn hleypur fram aftur sem gæti orðið innan 10 ára en 34 ár liðu milli framhlaupa síðast.

Rúmmál jökulhlaupa úr Háöldulóni er á bilinu 10-36 Gl. Svarar það um 1-5% af með-

alársrennsli við Eyjabakkafoss árin 1990/91-1993/94.

Í eftirfarandi töflu er hámarksrennsli miðað við vatnshæðarmæli nr. 109 við Hól og er grunnrennsli ekki dregið frá.

Tafla 3. Hlaup úr Háöldulóni

Dags.	ár	hámarksrennsli m ³ /s	hlaupvatn Gl
25.12.-26.12.	1972	430*	
30.6.-1.7.	1974	251	
14.7.-15.7.	1975	428	26
24.6.-25.6.	1976	285	14
2.7.-3.7.	1977	297	17
24.6.-26.6.	1978	157	16
26.6.-28.6.	1980	176	25
11.7.-12.7.	1983	300	30
13.6.-15.6.	1984	238	11
1.7.-3.7.	1985	180	10
12.6.-15.6.	1986	325	19
22.6.-25.6.	1988	275	15
22.6.-23.6.	1990	183	
12.6.-13.6.	1992	316	
1.7.-2.7.	1995	230	

* merkir þrepahlaup ofan á jökulhlaup.

Heimildir:

1. Oddur Sigurðsson, Árni Snorrason og Snorri Zóphónfasson 1992. Jökulhlaupaánnál 1984-1988 *Jökull* 42, 73-80.
2. Sigurjón Rist 1976. Jökulhlaupaánnál 1974, 1975 og 1976. *Jökull* 26, 75-79.
3. Sigurjón Rist 1981. Jökulhlaupaánnál 1977, 1978, 1979 og 1980. *Jökull* 31, 31-35.
4. Sigurjón Rist 1984. Jökulhlaupaánnál 1981, 1982 og 1983. *Jökull* 34, 165-172.